



Landslagsgreining

Vindmyllur í Rangárþingi Ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2015-090

Dags: 25.9.2015

Fjöldi síðna: 30

Upplag: 3

Dreifing:

- ☒ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Landslagsgreining. Vindmyllur í Rangárþingi Ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Höfundar/fyrirtæki: Finnur Kristinsson / Landslag og Steinþór Traustason / Mannvit

Verkefnisstjóri: Margrét Arnardóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Engir

Útdráttur: Í frummatssýrslu fyrirhugaðs Búrfellslundar er fjallað og metið áhrif framkvæmdarinnar á landslag. Með landslagsgreiningu er lagt mat á sérstöðu, eiginleika og gildi landslags á viðkomandi svæði eða áhrifasvæði fyrirhugaðs vindlundar. Í skýrsluni er fjallað um landslag í nágrenni Búrfellslundar og lagt mat á gildi þess og mikilvægi með tilliti til skilgreindrar landnotkunar og lýsandi landslagsþátta svæðisins. Þessi umfjöllun er til stuðnings því mati sem lagt er á áhrif á landslag í frummatsskýrslu.

Lykilorð: Vindmyllur, Haf, Búrfellslundur, landslag, landslagsgreining

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'MA', written over a horizontal line.

Landslagsgreining

Vindmyllur í Rangárþingi Ytra og Skeiða- og
Gnúpverjahreppi

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	2
1.1	AFMÖRKUN ATHUGUNARSVÆÐIS	2
2.	AÐFERÐAÐFRÆÐI.....	2
2.1	UPPBYGGING	3
3.	GÖGN	5
3.1	LANDFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR.....	5
4.	LANDSLAGSHEILDIR	6
4.1	JARÐFRÆÐI.....	6
4.2	GRÓÐURFAR.....	6
4.3	VATNAFAR	6
4.4	LANDNOTKUN OG MENNINGARLANDSLAG.....	7
4.5	LANDFORM OG SJÓNÆNAR AFMARKANIR	10
5.	GILDI LANDSLAGSHEILDA	19
5.1	SAMANTEKIN GILDI LANDSLAGSHEILDA	20
6.	LÝSINGAR LANDSLAGSHEILDA	22
7.	HEIMILDIR	28

1. INNGANGUR

Unnið er að undirbúningi á að reisa vindmyllur á svæðinu ofan Búrfells. Virkjunarkosturinn hefur fengið nafnið Búrfellslundur. Hluti af undirbúningsvinnu er mat á umhverfisáhrifum. Í þeirri vinnu er mikilvægt að greina og meta landslag á því svæði sem vindmyllur vindlunda geta haft áhrif. Með landslagsgreiningu er lagt mat á sérstöðu, eiginleika og gildi landslags á viðmánda svæði eða áhrifasvæði fyrirhugaðs vindlunda. Niðurstaðan er síðan nýtt við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar á landslag.

Hér á eftir er fjallað um landslag í nágrenni Búrfellslunda og lagt mat á gildi þess og mikilvægi með tilliti til skilgreindrar landnotkunar og lýsandi landslagspátta svæðisins.

1.1 AFMÖRKUN ATHUGUNARSVÆÐIS

Afmörkun athugunarsvæðisins miðast að mestu við landsvæði í allt að 25 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þessi fjarlægð (25 km) er sú sama og miðað er við í sýnileikaathugunum vegna mats á umhverfisáhrifum Búrfellslunda, en talið er að eftir það séu áhrif vegna ásyndar óveruleg. Afmörkunin ræðst einnig af náttúrulegum afmörkunum í landslagi.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Hugtakið landslag hefur verið skilgreint á ýmsa vegu í gegnum árin og sú skilgreining sem notuð var í þessu verkefni kemur úr Evrópska landslagssáttmálanum. Sáttmálinn var samþykktur af Evrópuráðinu 20. október árið 2000. Ísland skrifaði undir samninginn 2012 en hann hefur ekki hlotið staðfestingu Alþingis. Samkvæmt samningnum er landslag skilgreint svo:

Landslag merkir svæði sem fólk sér og fengið hefur ásynd og einkenni vegna samspils náttúrulegra og/eða mannlegra þátta. (Landslag getur breyst með tíma eftir því sem áhrif náttúrunnar og mannsins breytast. Landslag myndar því ákveðna heild þar sem hvoru tveggja áhrifa mannsins og náttúrunnar gætir, en ekki sitt í hvoru lagi).

European Council, 2000

Í núverandi skipulagslögum er landslag skilgreint á eftirfarandi hátt:

Landslag merkir svæði sem hefur ásynd og einkenni vegna náttúrulegs og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár vötn og hafsvæði.

Skipulagslög nr. 123/2010

Þessar tvær skilgreiningar sýna að hægt er að skilgreina hugtakið á mismunandi hátt. Aðkoma og áhrif mannsins hafa þar mikil áhrif.

Við mat á umhverfisáhrifum á Íslandi hefur lítið farið fyrir samræmdri aðferðafræði við mat á áhrifum á landslag. Sú aðferðafræði sem hér er lýst er mótuð af verkfræðistofunni Mannvit hf. til notkunar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, en byggir að hluta til á aðferðum sem hafa verið notaðar á Bretlandi (Swanwick & Land Use Consultants, 2002). Þar er þeim beitt jafnt á skipulagsstigi sem og við mat á umhverfisáhrifum. Þessi nálgun hefur verið notuð frá árinu 2010, m.a. við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á Norðausturlandi og einnig við mat á umhverfisáhrifum háspennulínu frá Blöndu til Akureyrar (Blöndulína 3). Á ráðstefnu sem haldin var á Selfossi vorið 2012 fékk aðferðafræðin sérstaka umfjöllun og m.a. voru norrænir sérfræðingar fengnir til að taka hana út og koma fram með ábendingar um frekari þróun. Eftirfarandi voru m.a. þættir sem bent var á.

- Hugleiða mætti að taka fleiri þætti inn í greininguna, s.s. fornleifar, ferðamennsku og menningarlandslag.
- Útskýra betur röksemdir á bak við gildi.
- Hvernig getur greiningin hjálpað til við að fella hönnun mannvirkja inn í landslagið.
- Huga að ábendingum um hönnun á seinni stigum.

Í þessari greiningu hefur verið horft til fyrri greininga og þeirra ábendinga sem fram hafa komið.

2.1 UPPBYGGING


Gerð er grein fyrir aðferðafræðinni og þeim skrefum sem unnið er eftir á **mynd 1**. Gildismatið byggir á heimildavinnu, vettvangsferðum og myndatökum. Að vinnunni kemur hópur sérfræðinga með þekkingu á svæðinu og reynslu af matsvinnu. Nánar lýsing á aðferðafræðinni er hér á eftir.

Flokkun í landslagsheildir

Hugtakið landslagsheild hefur verið skilgreint af Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun með eftirfarandi hætti:

Landslagsheild er landslag sem fólk upplifir að sé afmarkað af náttúrulegum (t.d. fjallahringur, fjörður) og/eða menningarlegum þáttum.

Við flokkun lands í landslagsheildir er stuðst við ákveðna þætti sem mynda það landslag sem leggja á mat á hverju sinni. Þessir þættir eru:



Mynd 1 Aðferðafræði landslagsgreiningar.

- Jarðfræði
- Gróðurfur
- Vatnafar
- Landnotkun- menningarlandslag
- Landform og sjónrænar afmarkanir

Framangreindir þættir eru bornir saman og lagðir yfir hvern annan í landupplýsingagrunni. Allt landsvæðið er flokkað niður í landslagsheildir. Í hverri landslagsheild eru ákveðnir ráðandi þættir sem móta stærð og lögun heildarinnar. Samspil ákveðinna þátta er líka mikilvægt, t.d. ræður berggrunnur miklu um hvaða gróður þrífst á viðkomandi svæði. Afmörkun hverrar heildar ræðst að miklu leyti af landformum, þ.e.a.s. sú umgjörð sem lokar á frekari sýn áhorfandans. Þetta geta til að mynda verið fjallgarðar, hólur eða hryggir. Einnig geta skörp skil á t.d. gróðri greint á milli heilda. Þannig eru landslagseiningar afmarkaðar út frá sjónrænum rýmismyndum með hjálp grunnkorta.

Þegar lokið hefur verið við flokkun og tillögur að skiptingu svæða í landslagsheildir er flokkunin yfirfarin á vettvangi. Í vettvangsferð eru tillögur að skiptingum yfirfarnar og þeim breytt ef þurfa þykir.

Þegar farið er um athugunarsvæðið má greina að mismunandi landslagsheildir hafa svipuð einkenni, s.s. í gróðurfari, landformum og landslagi. Þessi einkenni þurfa ekki alltaf að þekja alla heildina. Reynt er að ná utan um þessi einkenni og greina þau.

Eftir að flokkun landslagsheilda hefur verið staðfest er hverri heild lýst fyrir sig. Í lýsingu kemur fram hvaða þættir eru áberandi fyrir hverja heild og hvort einhverjir þættir gefa henni aukið vægi gagnvart öðrum landslagsheildum.

Gildismat

Við gildismat landslagsheilda er gildi hverrar heildar fengið með því að leggja saman nokkra þætti, sem valdir eru af höfundum greiningarinnar. Við valið er tekið mið af eðli svæðisins og núverandi landnotkun en einnig var horft til athugana sem unnar voru á viðhorfi ferðamanna og ferðapjónustuaðila til svæðisins (Anna Dóra Sæþórsdóttir ofl., 2015, Rannveig Ólafsdóttir ofl., 2015). Þeir þættir sem notaðir eru í tilfelli Búrfellslundar eru:

- Ósnortin víðerni
- Nýting til útivistar og annarar afþreyingar
- Vernd
- Stærri mannvirki

Áhrifamat

Að lokum, eins og fram kom í inngangskafla, eru niðurstöður landslagsgreiningar notaðar í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á landslag þar sem vægi áhrifa á hverja landslagsheild eru metin út frá tilteknum viðmiðum. Í þessu verkefni er áhrifamat ekki hluti af landslagsgreiningunni, heldur er greiningin lögð til grundvallar mati á áhrifum á landslag í matsskýrslu Búrfellslundar.

3. GÖGN

Í kaflanum er yfirlit yfir þau gögn sem nýtt voru við landslagsgreininguna.

3.1 LANDFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Eftirfarandi gögn, sem að mestu leyti eru í eigu Landsvirkjunar, voru nýtt við mat á landslagi vegna fyrirhugaðra framkvæmda ofan við Búrfell. Mikilvægt er að taka tillit til gæða þeirra gagna sem notuð eru við mat á landslagi. Til að mynda eru gögn í IS 50V gagnagrunni Landmælinga Íslands miðuð við kortagerð í kvarðanum 1:50.000 eða minni (Landmælingar Íslands, 2014). Í **töflu 1** má sjá yfirlit yfir þær landfræðilegu upplýsingar sem nýttar voru við mat á áhrifum á landslag. Auk þeirra var notast við fjölda ljósmynda sem teknar voru á vettvangi.

Tafla 1 Þekjur nýttar við greiningu landslags.

Þekja	Uppruni eða heimild
Hæðarlínur með 20 m millibili	Landmælingar Íslands (IS 50V)
Hæðarlínur með 5 m millibili	Loftmyndir ehf.
Flokkun á gróðurþekju	Landmælingar Íslands (IS 50V)
Gróðurkort af miðhálandi Íslands 1. útg. 2014.	Náttúrufræðistofnun Íslands
Vegir og slóðar	Landmælingar Íslands (IS 50V)
Mannvirki	Landmælingar Íslands (IS 50V)
Loftmyndir með 5 m upplausn	Loftmyndir ehf.
Jarðfræðikort 2. útg. 2014	Náttúrufræðistofnun Íslands

Jarðfræði

Upplýsingar um jarðfræði voru fengnar úr jarðfræðikorti Náttúrufræðistofnunar Íslands sem sýnir berggrunn Íslands í 1:600.000 (**mynd 3**) (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2014).

Gróðurfar

Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út gróðurkort í mælikvarðanum 1:25.000 fyrir miðhálandi Íslands árið 2014 og nær það kort yfir stærstan hluta svæðisins (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2015, unnið fyrir Landsvirkjun). Gögnin eru m.a. flokkuð eftir gróðurþekju og var sú flokkun m.a. notuð við afmörkun landslagsheildanna.

Upplýsingar um gróðurþekju sem gróðurkort NÍ náði ekki til, fengust úr gagnagrunni Landmælinga Íslands, IS 50V (Landmælingar Íslands, 2014).

Vatnafar

Upplýsingar um vatnafar koma úr IS 50V gagnagrunni Landmælinga Íslands.

Landnotkun og menningarlandslag

Upplýsingar um landnotkun (**mynd 5**) koma frá Landmælingum Íslands (þéttbýli, frístunda- og gistihús og mannvirki), úr Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 þar sem helstu göngu og reiðleiðir voru fengnar. Upplýsingar um reiðleiðir voru einnig fengnar af vef Landssambands hestamannafélaga (Landssamband hestamannafélaga, 2015). Gögn voru unninn úr aðalskipulagi sveitarfélaganna, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Ásahrepps og Rangárþings ytra. Einnig voru gögn notuð úr rammaskipulagi fyrir Þjórsárdal.

Gögn yfir mismunandi vernd og verndarflokkar er tekin úr svæðisskipulagi miðhálandisins og aðalskipulagi sveitarfélaganna á svæðinu. Einnig eru upplýsingar og afmarkanir svæða á náttúrumínjaskrá og friðlönd fengin frá Umhverfisstofnun.

Landform og sjónrænar afmarkanir

Gögn tilgreind í **töflu 1** voru notuð ásamt vettvangsferðum og ljósmyndum.

4. LANDSLAGSHEILDIR

Við upphaf landslagsflokunar voru þeir þættir sem móta flokkunina skoðaðir hver fyrir sig. Mörk landslagsheilda voru dregin eftir þeirri aðferðafræði sem lýst hefur verið. Landsvæðið sem hér er tekið fyrir í landslagsflokun er um 2.300 km² og nær frá Geldingafelli í norðri, að Vatnafjöllum og Rauðfossafjöllum í suðri og frá Sigölduvirkjun í austri að Skarðsfjalli og Hagafjalli í vestri. Ákveðið var að taka til skoðunar svipað land að stærð og miðað er við í sýnileikaathugunum, eða um 25 km radíus frá fyrirhuguðum vindlundu. Á **mynd 2** má sjá kort sem sýnir landsvæðið sem tekið var fyrir ásamt landslagsheildum. Mörk landslagsheilda eru í fæstum tilfellum greinileg. Þrátt fyrir það eru þau táknuð með mjórri línu á korti til einföldunar. Hverri landslagsheild er gefið nafn sem dregið er af þekktu örnefni innan heildarinnar. Báðar tillögur að afmörkun Búrfellslundar eru innan landslagsheildarinnar sem kennd er við Búrfell. Hér á eftir er hverjum landslagsþætti lýst fyrir sig í stuttu máli. Bent er á að allar myndir og kort sem tilheyra þessum lið eru aftast í kaflanum.

4.1 JARÐFRÆÐI

Á **mynd 3** má sjá berggrunns- og jarðfræðikort af svæðinu. Ein virkasta eldstöð landsins, Hekla, hefur mikil áhrif á jarðfræðina, sérstaklega sunnan Þjórsár þar sem basísk og ísúr hraun hafa runnið á síðustu 1100 árum. Merkar jarðmyndanir er víða að finna í kringum Heklu og þar suður og austur af.

Gosberg og setlög frá fyrri hluta ísaldar eru einkennandi innan heildanna í norðri. Innan heildanna norðan og vestan Þjórsár eru aftur á móti grágrýtismyndun og setlög frá fyrri hluta ísaldar einkennandi. Einkenni svæðisins er móbergsásar og hryggir með stefnu SV-NA. Undantekning er Þjórsárdalur, sem er á mörkum móbergsmyndunar frá ísöld og blágrýtis-svæðisins sunnan og austan Þjórsár. Hraun frá Vatnaöldum og Veiðivötnum hefur runnið eftir sléttunum við Hafíð og tunga frá þessu hrauni hefur runnið um Gjána og niður í Þjórsárdal. Þar hefur hraunið runnið yfir votlendis- eða vatnasvæði og gervígígar þeir sem í Þjórsárdalnum eru hafa myndast.

4.2 GRÓÐURFAR

Á **mynd 4** má sjá kort með flokkun yfirborðs eins og hún er skv. gróðurkortu NÍ. Þar má sjá að lítt gróið eða ógróið land er talsverður hluti svæðisins því mikið er um hraun og vikur frá Heklu á syðri hluta svæðisins. Gróður er meira þekjandi norðan við Þjórsá og á austurhluta svæðisins. Unnið er að uppgræðslu á um 90.000 ha svæði, m.a. á vegum Hekluskóga. Helsta markmið Hekluskóga er að reyna að stemma stigum við sandfoki og bæta skilyrði fyrir annan gróður og dýralíf til landnáms á svæðinu (<http://hekluskogar.is/>).

4.3 VATNAFAR

Vatnafar getur í sumum tilfellum haft mikil áhrif á landslag. Stöðuvötn, uppistöðulón, votlendi, gil, yfirborðsvatn og árfarvegir eru allt þættir sem geta einkennt ákveðnar landslagsheildir.

Talsvert mikið er um vatnsföll á svæðinu sem greint var til landslagsheilda. Lítið er um yfirborðsvatn þar sem Búrfellslundur er fyrirhugaður en í grennd við svæðið eru sex uppistöðulón, Bjarnalón, Sultartangalón, Sporðöldulón, Hrauneyjalón, Krókslón og Vatnsfellslón. Þjórás rennur um svæðið auk fjölda annara vatnsfalla.

Yfirborð austan Þjórásar er opið hraunasvæði og tekur vel við yfirborðsvatni. Grunnvatnsmyndun er því talsverð. Upptök Ytri Rangár í Rangárbotnum, austan Búrfells, eru dæmi um þar sem grunnvatnið sprettur fram undan hrauninu á láglandi. Rauðá, sem á upptök sín í Gjánni fyrir ofan Stöng er annað dæmi.

Vestan Þjórásar má almennt segja að bergrunnurinn sé þéttari og því meira um ár og læki. Má þar nefna Fossá, sem rennur um Þjórásárdal. Í Fossá eru margir fossar, eins og nafnið gefur til kynna. Má þar nefna Hjálparfoss nálægt Búrfellsstöð, Háafoss og Granna, innst í Þjórásárdal.

Stóra-Laxá á upptök sín inn undir Rjúpnafelli á Flóa- og Skeiðamannafrétti og rennur niður á láglandið í vesturjaðri athugunarsvæðisins.

4.4 LANDNOTKUN OG MENNINGARLANDSLAG

Landnotkun á athugunarsvæðinu er sýnd á mynd 5. Landnotkun tekur til notkunar mannsins á landinu, en landnotkun er skilgreind í skipulagsáætlunum. Landnotkun getur einnig gefið ákveðnum landslagsheildum aukið gildi. Hér er til að mynda átt við vinsæl útivistarsvæði þar sem landslag skipar stóran sess í upplifun áhorfandans.

Orka

Innan afmarkaðs athugunarsvæðis eru vatnsaflsstöðvar Landsvirkjunar, lón og veitumannvirki áberandi. Landsvirkjun rekur sex vatnsaflsstöðvar á svæðinu: Búrfellsstöð, Sultartangastöð, Búðarhálsstöð, Hrauneyjafossstöð, Sigöldustöð og Vatnsfellstöð. Samanlagt afl þeirra er 935 MW. Vatni til miðlunar er safnað í uppistöðulónin Þórisvatn, Hágöngulón og Kvíslaveitu. Að auki eru minni miðlunarmannvirki við hverja virkjun á svæðinu, svo sem Bjarnalón, Sultartangalón, Sporðöldulón, Hrauneyjalón, Krókslón og Vatnsfellslón. Einnig eru fráveituskurðir, brýr, vegir, vinnubúðir og fleiri mannvirki sem tengjast þessum virkjunum. (Landsvirkjun, 2015).

Svæðið á milli virkjananna í Búrfelli og Sultartanga er skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Svæðið nær frá núverandi Búrfellsstöð yfir Sámstaðamúlann og Bjarnalón. Svæðið afmarkast í vestri af háspennulínunum sem liggja á milli Sultartanga og Búrfellsstöðvar og í austri er afmörkunin Þjórás. Innan þessa iðnaðarsvæðis eru núverandi rannsóknarvindmyllur Landsvirkjunar (Landslag og Milli fjalls og fjöru, 2006). Í aðalskipulagi Rangárbings ytra og Ásahrepps eru virkjanir ekki skilgreindar sem iðnaðarsvæði heldur eingöngu sýndir punktar sem sýna staðsetningu stöðvarhúsanna. Undanteking er þó að við Hrauneyjafossvirkjun er skilgreint iðnaðarsvæði við stíflur og veitumannvirki Sporðöldulóns. Lón og veitumannvirki eru ekki skilgreind sem iðnaðarsvæði, en merkt í skýringum á uppdráttum sem miðlunarlón, stíflur og skurðir.

Háspennulínur liggja frá og tengja saman vatnsaflsstöðvar á svæðinu og eru flutningsmannvirki fyrir vikið nokkuð áberandi á svæðinu. Frá Vatnsfellsvirkjun liggur Vatnsfellslína 1 að Sigölduvirkjun. Frá Sigölduvirkjun liggur Sigöldulína 2 að Hrauneyjafossi, Sigöldulína 3 að Sultartanga og Sigöldulína 4, byggðalína um Fjallabak nyrðra. Frá Hrauneyjafossvirkjun liggur Hrauneyjafosslína 1 að tengivirki við Sultartangavirkjun og áfram þaðan til vesturs ofan byggðar í átt að Brennimer í Hvalfirði og heitir þá Sultartangalína 1. Sultartangalína 3 liggur samsíða henni. Frá tengivirki við Sultartanga liggja Sigöldulína 3 og Sultartangalína 2 að tengivirki við Búrfellsstöð. Frá Búrfellsstöð liggja síðan til suðurs Búrfellsslínur 1 og 3, en þær liggja samhliða að Skarðsfjalli. Búrfellsslína 2 liggur nokkru austar og suður um

Landssveit. Háspennulínur hafa talsvert áhrifasvæði. Ekki má reisa nein mannvirki eða rækta t.d. skóg á 85 m breiðu belti undir háspennulínunum. Í svæðisskipulagi miðhálandisins eru mannvirkjabelti fyrir háspennulínur á hálendinu 5 km breið.

Í Búrfellsstöð hefur undanfarin sumur verið rekin kynningar- og upplýsingamiðstöð um virkjunina og endurnýjanlega orkugjafa.

Austan við Búrfellið, á Hafinu á milli Bjarnalækjar og Þjórsár, er vikurnáma. Samkvæmt skipulagi er flatarmál námunnar áætlað um 140.000 m². Vikurnámur eru einnig austan Þjórsár, á móts við Tröllkonuhlaup og upp fyrir vegamót Landmannaleiðar. Vikurnám hefur verið í gangi á svæðinu síðan 1969. Samkvæmt aðalskipulagi Rangárþings ytra er leyfilegt að taka um 500.000 m³ vikurs á svæðinu (Steinsholt, 2010a).

Ferðamennska og útivist

Með bættem samgöngum inn á svæðið hefur orðið mikil aukning á ferðamönnum, einkum í Þjórsárdal þar sem er að finna marga áningastaði, menningarminjar, fossa og fleira. Einnig hefur umferð aukist mikið að hálendismörkum og er nú rekið bæði hótél og gistihús við hálendismiðstöðina Hrauneyjar, sem er 2 km fyrir sunnan Hrauneyjafossvirkjun. Þar er rekin ferðabjónusta með margvíslegri þjónustu, m.a. síðasta bensínstöðin, áður en lagt er á hálendið.

Umferð inn á Sprengisandsleið, Veiðivötn og Friðland að Fjallabaki er nánast öll í gegnum svæðið og hefur aðsókn í Landmannalaugar aukist jafnt og þétt. Nyrðri Fjallabaksleið, gamla Dómadalsleiðin, byrjar við Landveg, u.þ.b. 3 km sunnan við stíflu við Bjarnalón.

Austan Þjórsár, sunnan við Búrfell, eru Rjúpnaveilir á vesturbakka Ytri-Rangár. Þar er rekin ferðabjónusta og samkvæmt aðalskipulagi er þetta skilgreint sem frístundabyggð. Þar eru gistiskálar til útleigu í jaðri hálendisins. Annað frístundasvæði liggur sunnan við Rjúpnaveili. Nokkru sunnar er Galtalækjarskógur með tilheyrandi tjald- og útivistarsvæði.

Áfangagil, afréttarskáli Rangárþings ytra, er við Áfangagil, vestan í Valafelli. Sá skáli er í dag notaður til útleigu yfir sumarið í tengslum við hestaferðir og gönguhópa. Hólaskógur, afréttarskáli Gnúpverja austan undir Stangarfjalli, er mikið notaður allt árið um kring. Á sumrin eru það helst hestamenn og göngufólk sem nýtir skálann og yfir veturinn af snjósleða- og jeppamenn. Við Landmannahelli er fjöldi fjallaskála, tjaldsvæði og mikilvæg miðstöð ferðabjónustu í Friðlandi á Fjallabaki.

Um Hólaskóg liggja leiðir hestamanna inn í Gljúfurleit inn með Þjórsá eða inn á Fjallabak, um Áfangagil. Þaðan er riðið áfram um Fjallabak um Landmannahelli og yfir í Hólaskjól. Einnig er riðið til suðurs um Hekluhraun eða til norðurs inn í Þóristungur og í skála við Hrauneyjafossvirkjun. Úr Þjórsárdal stefna hestamenn oft til fjalla. Farið er frá Kletti, ýmist inn Fossöldu eða upp Heljarkinn og áfram inn á afrétt. Umræddir fjallaskálar eru í eigu og umsjá upprekstrar- og sveitarfélaganna á svæðinu.

Margir áningarstaðir ferðamanna eru í nágrenni svæðisins. Má þar nefna fornbýlið Stöng og Gjána í Þjórsárdal. Einnig má nefna þjóðveldisbæinn fyrir ofan Búrfellsvirkjun á móts við rústirnar af fornbýlinu Skeljastöðum. Þjóðveldisbærinn er tilgátuhús, byggt sem eftirmynd bæjarins að Stöng og er húsaskipan eins. Í Þjórsárdal var á söguöld blómleg byggð, sem lagðist í eyði, að því að talið er, við Heklugos árið 1104. Rústir margra af þessum bæjum eru sýnilegar víða í dalnum.

Háifoss, annar hæsti foss landsins er innst í Þjórsárdal. Hægt er m.a. að komast að honum eftir línuvegi frá Hólaskógi. Neðar í Fossá er Hjálparfoss, sem einnig er algengur áningastaður ferðamanna.

Skógrækt ríkisins á jörðina Skriðufell í vestanverðum Þjórsárdal og hefur ræktað upp talsverðan skóg á jörðinni. Á síðustu árum hefur skógrækt ríkisins lagt áherslu á að opna

skógana. Hefur átak verið í gangi í Þjórsárdalsskógi við Skriðufell. Stígar hafa verið gerðir og göngubrú byggð yfir Sanda frá tjaldsvæðinu. Talsverð hjólhýsa- og sumarhúsabyggð er í gamla birkiskóginum á Skriðufelli. Einnig er hægt að komast í Skriðufellsskóg frá afleggjaranum að Ásólfstöðum.

Á næstu jörð við Skriðufell, Ásólfstöðum, er föst búseta. Á jörðinni eru jafnframt nokkrir sumarbústaðir, bæði í einkaeigu og í eigu starfsmannafélaga. Á Ásólfstöðum er rekin ferðabjónusta.

Tjaldsvæði er á bökkum Sandár, Sandártunga, sem Skógrækt ríkisins hefur umsjón með. Gamalt tjaldsvæði fjallmanna er við Hallslaut, nokkru innar á Sandártungunni.

Verndarsvæði og menningarminjar

Mörg og mismunandi verndarsvæði eru skilgreind á athugunarsvæðinu. Vægi þeirra er jafnframt misjafnt. Svæði á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar (svæði nr. 730 og nr. 761 á náttúruminjaskrá) Ná yfir stóran hluta af svæðinu, Heklu og Hekluhraun, Tindfjalla og Torfajökulssvæðið. Yfirlit yfir verndarsvæðin er að finna á **mynd 6**.

Friðland að fjallabaki er svæði sem er friðað samkvæmt náttúruverndarlögum. Vesturjaðar þess, sem snýr að athugunarsvæðinu, liggur frá Stóra-Melfelli, um Hrafnabjörg, þaðan í Rauðufossafjöll og í Laufafell. Svæði á náttúruminjaskrá, Heklusvæðið, er afmarkað frá Stóra-Melfelli í Valafell, þaðan í upptakasvæði Ytri Rangár og fylgir henni suður fyrir Rjúpnaveili. Þaðan er lína um Melfell, Stóraskógsfjall, Rauðubjalla og suður fyrir Tindfjöll.

Annað svæði á náttúruminjaskrá (nr. 731) er í Þjórsárdal. Svæðið nær yfir Fossárdal, upp fyrir fjallsbrún við Háafoss, að upptökum Rauðár og fylgir henni allt að Fossá í Þjórsárdal. Síðan er Fossáin vernduð að útfalli í Þjórsá. Þetta sama svæði nýtur jafnframt hverfisverndar í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Hverfisvernd er skilgreind í skipulagslögum sem ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun t.d. menningarsögulegra minja eða náttúruminja. Allar framkvæmdir skulu unnar með heimild sveitarstjórnar viðkomandi sveitarfélags. Stór hluti hraunsléttunnar vestan og norðan við Valafell nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi Rangárþings ytra í þeim tilgangi að vernda Veiðivatnahraun.

Frá fornu fari hefur landbúnaður verið stundaður á láglendi athugunarsvæðisins. Í Þjórsárdal eru minjar byggðar frá miðöldum. Fyrstu rannsóknir á eyðibbyggð dalsins má rekja til miðrar 19. aldar en viðamesta rannsóknin var unnin sumarið 1939 þar sem m.a. bærinn á Stöng var grafinn upp. Sumar bæjarrústirnar eru varla sýnilegar en aðrar nokkuð heillegar og gefa góðar vísbendingar um skipan bæja á þessum tíma. Lengi vel var talið að byggð hafi lagst af í Þjórsárdal af völdum Heklugoss 1104 en nýlegar rannsóknir sýna að búið var á Stöng fram yfir aldamótin 1200. Talið er líklegt að endalok byggðar í innri hluta Þjórsárdal sé afleiðing fleiri samtvinnnaðra þátta, þar sem líklegt er að eldgos hafi leikið stórt hlutverk. Til dæmis er vitað um eldgos í Heklu 1159 og 1206.

Hin forna Sprengisandsleið hefst í Þjórsárdal, Sandártungu. Leiðin er vörðuð í gegnum dalinn, framhjá Stöng, í gegnum Hólaskóg, yfir Skeljafell, upp með Skúmstungnaá og áfram alla leið inni í Tjarnarver í Þjórsárverum, þar sem farið var yfir á vaði við Sóleyjarhöfða.


Þaðan liggur leiðin áfram um Þúfuver, Háumýrar og þaðan í Kiðagil og til byggða í Báðardal. Þessi varðaða þjóðleið nýtur þjóðminjaverndar.

Við Áfangagil og í Landmannahelli er að finna rústir tengdar fjallferðum og fjallskilum.

Helstu vatnsverndarsvæðin eru vatnasvið vatnsbóla við Vatnabólslæk og Tjarnarlæk, sunnan Búrfells. Annað stórt vatnsverndarsvæði er í suðurhlíðum Heklu og nær að vatnsbólum við Kanastaðabotna, Geldingalæk og Hróarslæk.

4.5 LANDFORM OG SJÓNÆNAR AFMARKANIR

Landform hafa mikil áhrif á landslagsheildir og í mörgum tilfellum ráða þau mörkum heildanna. Upplýsingar um landform koma oftast frá hæðarlínum eða öðrum mælingum á lögun landsins. Landform getur verið ávalt landslag eða brattar fjallshlíðar og allt þar á milli. Landform eru oft landslagsfyrirbæri (fjöll, hryggir, ásar, bungur) sem hindra eða takmarka útsýni á einhvern hátt, það er enda sjóndeildarhringinn eða skipta honum upp. Skýrasta dæmið er landslagsheildin Þjórsárdalur þar sem fjallsbrúnirnar umhverfis (landformin) afmarka heildina og landslagsrýmið. Til frekari skýringar á því hvernig landform afmarka landslagsrými/heild vísast í skýringarmynd hér að neðan.



Skýringarmynd: Landform sem afmarka landslagsrými/heild. Hér fremst er fjallshryggur, á bak við annar hryggur eða ás. Ennþá fjær er fjall sem er áberandi kennileiti, bæði nær og í fjarska.

Upplifun mannsins á umhverfinu er og verður alltaf einstaklingsbundin. Hægt er að vinna ýtarlegar og mismunandi landslagsgreiningar, sem ekki endilega tryggja eina og nákvæma niðurstöðu, en á móti gefa ákveðna yfirsýn og auðvelda ákvarðanatökur. Til að fá hugmynd um afstöðu íbúa á svæðinu var gerð spurningakönnun (Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2015). Samkvæmt henni töldu flestir aðspurðra einkenni svæðisins vera sandar, auðnir og hraun. Um fimmtungur þátttakenda töldu ásýnd svæðisins fallega. Þá töldu margir fjallasýn og víðáttu, gróðurleysi og hrjóstrugt landslag meðal einkenna svæðisins og um 10% töldu Heklu vera einkennandi fyrir svæðið. Landslagsgreiningin verður þó alltaf persónulegt mat þeirra sem setja fram og vinna greininguna.

Bandaríski arkitektinn og borgarhönnuðurinn Kevin Lynch (1960) nýtti sér landslagsgreiningar í skipulagi. Markmiðið var að draga fram afmörkun og rými svæða með því m.a. að skilgreina skurðpunkta og kennileiti í landslagi.

Vindmyllurnar verða staðsettar á opnu svæði, þar sem sjónlínur eru langar og langt í næstu náttúrulegu afmarkanir, sérstaklega í suðvestur og norðaustur frá vindmyllulundinum. Mest áberandi eru hins vegar Hekla í suðri, Valafell í austri, Sandafell og Stangarfjall í norðri og Búrfell og Skeljafell í vestri.

Helstu sjónrænu afmarkanir, rými og áberandi kennileiti á athugunarsvæðinu eru sýnd á mynd 7. Á myndinni er reynt að leggja mat á og skilgreina mikilvægi kennileita í landslaginu og um leið að skilgreina afmarkanir og rými í landslagi sem landformin, fjöll, hryggir og ásar mynda.

Við greiningu á landformum var stuðst við hæðargögn frá Loftmyndum ehf. og LMÍ. Útbúið var hæðarlíkan út frá 5 m og 20 m hæðarlínugögnum. Hæðarlíkanið var unnið áfram og útbúið

svokallað skuggakort (e. hillshade) en á því sjást helstu hæðarbreytingar í landslaginu (sjá mynd 2).


Einkenni landslags

Þegar verið var að vinna í flokkun landslags í heildir komu fram þættir sem voru sameiginlegir fyrir fleiri en eina heild. Einnig þættir sem höfðu meiri áhrif á eina heild en aðra, þó svo að þær lægju saman. Einnig er mikilvægt að merkja vel helstu kennileiti í landslaginu s.s. áberandi fjöll.


Flokkarnir eru eftirfarandi:

1. Heiðar og ásar, landslag þar sem grónir ásar og hryggir eru áberandi.
2. Landbúnaðarlandslag, þar sem landbúnaður, skógrækt og beit er áberandi.
3. a) Hraun og sandar, slétta þar sem lítt gróið hraun er áberandi.
b) Hraun og eldfjöll, landslag þar sem hraun, gígar og eldfjallamyndanir eru áberandi.
4. Orkuvinnsla og lón. Svæði þar sem orkuvinnsla og lón eru áberandi.
5. Fjöll, gil og fjölbreytt landslag.
6. Áberandi kennileiti, stakstæð fjöll og fjallstindar.


Reynt er að ná utan um þessi einkenni landslags á mynd 8.




Mynd 1 Hæðarlega og skipting athugunarsvæðis í landslagsheildir.




Mynd 2 Jarðfræði og berggrunnskort Náttúrufræðistofnunar Íslands.







Mynd 4 Landnotkun (aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaganna, svæðisskipulag miðhálandisins).



Mynd 5 Verndarsvæði og menningarminjar.



Mynd 6 Landform, sjónrænar afmarkanir og landslagsrými.



Mynd 8 Einkenni landslags.

5. GILDI LANDSLAGSHEILDA

Eins og fram kemur í kafla 2 var öllum landslagsheildum gefið gildi út frá eftirfarandi þáttum:

- Ósnortin víðerni
- Nýting til útivistar
- Vernd
- Stærri mannvirki

Hér á eftir er fjallað um hvern þessara þátta fyrir sig og áhrif þeirra á gildi tiltekinna landslagsheilda.

Ósnortin víðerni

Hugtakið ósnortin víðerni er skilgreint í lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999), en þar segir:

„Landsvæði sem er a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja á jörðu, er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum, og þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum.“

Þjóðvegur samkvæmt ofangreindri skilgreiningu er vegur sem hefur vegnúmer í vegaskrá og er haldið við af Vegagerðinni (Vegagerðin, 2006). Aðrir vegir eru héraðsvegir/fjallaslóðar, sem haldið er við af viðkomandi sveitarfélagi eða einkavegir. Slíkir vegir hafa ekki áhrif á afmörkun ósnortinna víðerna.

Ósnortin víðerni í þessu verkefni voru kortlögð út frá þessari skilgreiningu með því að reikna fjarlægð frá þeim fyrirbærum sem þar eru nefnd. Upplýsingar um ósnortin víðerni eru notaðar til að leggja mat á gildi landslagsheilda. Ef ósnortin víðerni eru innan landslagsheilda hækkar gildi hennar í samanburði við aðrar þar sem ekki eru ósnortin víðerni.

Útivist

Séu landslagsheildir nýttar til útivistar á einn eða annan hátt er það talið hækka gildi þeirra. Til að fá upplýsingar um ferðaleiðir, skála og annað sem gefur vísbendingar um útivist var meðal annars litið til gildandi skipulagsáætlana á svæðinu.

Vernd

Stór svæði innan afmarkaðs athugunarsvæðis njóta ýmiss konar verndar og eru verndarsvæði í þessu verkefni skilgreind í öllum landslagsheildum. Verndarsvæðin hafa þó mismikið vægi og eru skilgreind af mismunandi aðilum. Svæðisskipulag miðhálendis tilgreinir almenn verndarsvæði og náttúruverndarsvæði. Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga tilgreina hverfisvernd, vatnsvernd og vatnsból. Svæði á náttúruminjaskrá og friðlýst svæði koma svo frá Umhverfisstofnun (Umhverfisstofnun, 2015). Þar sem allar heildir njóta einhvers konar verndar þarf verndarsvæðið að vera annað hvort á náttúruminjaskrá, þjóðminjaverndarsvæði eða friðlýst svæði svo það sé tekið inn í mat á gildi landslags.

Til frekari skýringar má nefna að í Þjórsárdal eru bæjarrústir frá miðöldum og forn vörðuð þjóðleið. Lög um menningarminjar nr. 80/2012 kveða á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fronminjar sbr. 9. gr. laganna. Allar friðlýstar minjar flokkast sem þjóðminjaverndarsvæði.

Stærri mannvirki

Til að draga enn betur fram gildi landslagsheilda var ákveðið að taka stærri mannvirki inn í gildismatið. Tilvist og nálægð við stór mannvirki er almennt talin draga úr gildi landslags. Í

Því samhengi má benda á skilgreiningu um ósnortin víðerni í lögum um náttúruvernd nr. 44 frá 1999 þar sem segir að ósnortin víðerni geti aðeins verið lengra en 5 km frá mannvirkjum. Ef engin mannvirki, t.d. háspennulína, stífla eða virkjun, eru innanviðkomandi landslagsheildar hækkar gildi hennar.


5.1 SAMANTEKIN GILDI LANDSLAGSHEILDA

Í **töflu 2** má sjá niðurstöðu á mati á gildi landslagsheilda út frá þeim þáttum sem nefndir eru hér að framan. Á **mynd 9** má einnig sjá kort yfir landslagsheildir sem greindar hafa verið vegna fyrirhugaðra framkvæmda, flokkaðar eftir gildi sbr. **töflu 2**.

Tafla 2 Landslagsheildir og mat á gildi þeirra.

Landslagsheild	Stærð (km ²)	Útivist	Ósnortin víðerni	Vernd	Engin stærri mannvirki	Gildi/einkunn
Búðarháls	159,2	•	•	-	-	••
Búrfell	258,2	•	-	-	-	•
Fossheiði	178,8	•	•	•	-	•••
Friðland að Fjallabaki	202,3	•	•	•	•	••••
Hekla	384,0	•	•	•	•	••••
Heljarkinn	248,0	•	•	-	•	•••
Núpur	134,1	•	•	-	-	••
Stóra-Melfell	106,6	•	-	•	-	••
Valagjá	71,5	•	-	•	•	•••
Vatnafjöll	156,7	•	•	•	•	••••
Ytri-Rangá	255,4	•	-	-	-	•
Þjórsárdalur	151,5	•	•	•	-	•••

• lágt gildi
 ••
 •••
 ••••hátt gildi



Mynd 7 Landslagsheildir og gildi landslags.

6. LÝSINGAR LANDSLAGSHEILDA

Hér á eftir eru listaðar upp þær landslagheildir sem greindar voru ásamt stuttri lýsingu og helstu einkennum.

Búðarháls
Lýsing:
Svæðið afmarkast af Geldingaá í norðri og Hrauneyjafoss virkjun í suðaustri. Þaðan fylgir hún Tungnaá til vesturs að Sandafelli. Þaðan liggja mörkin til norðausturs um Hjallaver og Langöldu ofan Sultartangalóns. Innan svæðisins eru tvö miðlunarlón fyrir virkjanir, Sporðöldulón og Sultartangalón. Gróður innan heildarinnar er nokkuð einsleitur mosagróður eða lítt grónir melar, einkum í og við Búðarháls. Í Þóristungum norðan Hrauneyjafoss er gróðurþekjan meiri, mýrar og flóar meðfram ám og lækjum. Norðan við Sultartangalón er gróðurþekjan þéttari með mýrum, lyng- og starmóa. Gljúfurleitarskáli og Þóristungnaskáli eru innan heildarinnar. Búðarháls- og Hrauneyjafossvirkjanir eru innan heildarinnar. Einnig Hálendismiðstöðin við Hrauneyjar, sem er mikilvægur áningastaður í jaðri hálendisins.
Einkenni:
• Tvö miðlunarlón, Sporðöldu- og Sultartangalón. • Búðarháls- og Hrauneyjafossvirkjun með tilheyrandi háspennulínunum. • Hálendismiðstöð • Þjórsá og Tungnaá • Búðarháls • Ósnortið víðerni ná inn í Búðarhálsheildina að norðanverðu (11,2 % heildarinnar).

Búrfell
Lýsing:
Heildin liggur um Stangarfjall, Sandafell, Sultartangalón og Tungnaá í norðri, austur að Stóra Melfelli og Valafelli og Sauðafelli í suðri að Rjúpnavegum í vestri og þaðan í eggjar Búrfells. Mikið flatlendi einkennir heildina þó að innan hennar séu austurhlíðar Búrfells og norðurhlíðar Valafells. Gróður er lítill sem enginn á stóru svæði en unnið er að uppgræðslu á svæðinu. Vegur nr. 32 með bundnu slitlagi liggur í gegnum heildina ásamt malarvegi nr. 26, sem er þjóðvegurinn upp Landsveitina. Náttúruverndarsvæði skv. svæðisskipulagi miðhálendis er í syðri hluta heildarinnar, verndarsvæði Heklu. Einnig nær hverfisverndarsvæði yfir hraunin úr Veiðivötnum, en þau þekja stóran hluta láglendis heildarinnar. Áfangagilsskáli er undir vesturhlíðum Valafells og Hólaskógur, fjallaskáli, er austan í Stangarfjalli. Hin forna Sprengisandsleið liggur að hluta innan heildarinnar, vestan með Stangarfjalli og áfram yfir Sandfjall. Sultartangavirkjun er innan heildarinnar með tilheyrandi veitumannvirkjum, háspennulínunum og tengivirki. Einnig Bjarnalón og veitumannvirki tengd Búrfellsvirkjun.

Einkenni:
• Flatlendi • Lítið gróið hraun og vikur. • Landgræðslusvæði • Veitumannvirki og háspennulínur. • Vegur með bundnu slitlagi. • Vernd • Útivist

Fossheiði
Lýsing:
Svæðið nær frá Sandafelli og fjallsbrúnum við Þjórsárdal í suðri að Framöræfum í norðri. Austurmörk heildarinnar er vegslóði og háfjallabrún frá Geldingaá í norðaustri niður að Innri-Skúpstungnaá. Vesturmörkin liggja í Ísahrygg og Fitjaása. Heildin liggur hátt yfir sjávarmáli, yfir 500 m, og er nokkuð vel gróin, mosa og mýrum. Tvær háspennulínur, Sultartangalínur 1 og 3, liggja í suðurjaðri svæðisins. Takmörkuð útivist, fyrir utan jeppa- og hestamenn. Sultarfitja- og Skeiðmannafitjaskálar innan heildarinnar. Hin forna þjóðleið um Sprengisand liggur í austurjaðri heildarinnar.
Einkenni:
• Heiðar- og ásalandslag. • Nokkuð vel gróið, einsleitt landslag. • Ósnortin víðerni að nokkru leyti (55,2% af heild).

Friðland að Fjallabaki
Lýsing:
Heildin afmarkast af Dyngjum og Dyngjuhorni í norðri, um Hrafnabjörg og Krókagiljabrúnir í vestri, suður fyrir Rauðufossafjöll og um Reykjadali að Höfðavatni. Til austurs nær heildin um Dómadal og Hnausa. Friðland að Fjallabaki nær yfir nánast alla heildina ásamt því að vesturhluti þess, Heklusvæði, er á náttúruminjaskrá. Friðlandið er allt ofan 500 m hæðar yfir sjó. Landið er fjöllótt og mótað af eldvirkni, og jarðhita. Litadýrð er mikil, m.a. fyrir líparít og hrafntinnu í fjöllum. Hraun, ár og vötn setja líka svip á landslagið. Þúsundir ferðalanga leita ár hvert á vit öræfaauðnarinnar. Svæðið er vinsælt til útivistar og eru margar vinsælar göngu- og reiðleiðir á svæðinu, þar sem skálarnir við Landmannahelli eru vinsæll áninga- og dvalarstaður. Eystri hluti heildarinnar er nokkuð vel gróinn, einkum syðri hluti þess en þar sem minna er um fjallshlíðar er gróður minni. Norðurhluti svæðisins er að mestu úr móbergi frá síðari hluta ísaldar.
Einkenni:
• Fjalllendi og fjölbreitt landslag. • Grónar fjallshlíðar. • Sérstakar bergtegundir.

- Friðland að Fjallabaki.
- Ferðamennska
- Ósnortin víðerni að nokkru leyti (18,9% af heild).

Hekla

Lýsing:

Heildin afmarkast af hlíðum Valafells í norðaustri og Pálsteinshrauni í suðvestri. Í norðri nær svæðið að Næfurholtsfjöllum austan Ytri-Rangár og fylgir fjallsbrúninni þar fyrir ofan að mestu leyti. Í suðri afmarkast heildin af Vatnafjöllum að Rauðólfsfjöllum. Í kringum Heklu og norðan við hana eru ógróin hraun og vikur en vestan hennar er gróðurþekjan örlítið þéttari, einkum mosagróður. Jarðfræðin innan heildarinnar er nokkuð einsleit með basískum og ísúrum hraunum frá nútíma. Þó er súrt hraun frá nútíma í suðurhlíðum Heklu. Svæðið er að stórum hluta á náttúruminjaskrá.

Einkenni:

- Hekla
- Ógróin hraun og vikur
- Svæði á náttúruminjaskrá
- Ósnortin víðerni að miklu leyti (52,6 % af heild)

Heljarkinn

Lýsing:

Svæði sem nær frá Blákolli í norðri og austur fyrir Flóamanna- og Skeiðamannaafrétt, suður um Fitjaáa og brúnir Heljarkinnar að Hestfjallakvísl í vestri. Mörkin liggja svo upp með Stóru Laxá og Leirá að Fjallmannagili og norður eftir Geldingafelli. Berggrunnur svæðisins er einsleitur og er það vel gróið mólendi og með mosagróðri. Sultartangalínur 1 og 3 skera heildina miðja. Stóra-Laxá rennur um heildina ásamt fjölda annara minni vatnsfalla. Við hana er Helgaskáli, fjallaskáli Hrunamanna, suðvestan við Geldingafell. Laxárgljúfur liggja í jaðri heildarinnar að vestanverðu. Við Sultarfit inn með Stóru-Laxá er einnig fjallaskáli.

Einkenni:

- Laxárgljúfur
- Gróin heiði
- Móbergsásar og hryggir í stefnu NA / SV
- Háspennulínur í miðri heildinni
- Ósnortin víðerni að miklu leyti (58,3 % af heild)

Núpur
Lýsing:
Svæðið tekur við af Heljarkinn til suðurs. Það teygir sig upp í Hrunakróka í norðri og fylgir Stóru-Laxá niður að bæjunum Laxárdal þar sem hún sveigir og fylgir Kálfá niður að Núpi í suðri. Suðurmörkin er Þjórsá, að Fremri-Sandártungu í austri þar sem mörkin liggja upp Hvammsá og norður í Hannesargljúfur. Innan heildarinnar er nokkuð um landbúnaðarjarðir og manngert landslag. Þjórsárdalsvegur (32) liggur í gegnum heildina sunnanverða og einnig eru tvær háspennulínur sem þvera svæðið. Svæðið er vel gróið mosa og kjarri ásamt nokkuð þéttum skógi í hlíðum Ásólfstaðafells. Jarðfræðin er nokkuð einsleit en þó má sjá hraunlög og innskotsberg fyrir ofan bæinn Fossnes.
Einkenni:
• Vegur með bundnu slitlagi • Gróið heiðar- og ásalandslag fyrir ofan byggð • Landbúnaðarland • Mannvirki • Laxárgljúfur • Ósnortin víðerni að litlu leyti (3,2 % af heild)

Stóra-Melfell
Lýsing:
Svæðið nær frá norðurjaðri Hrauneyjalóns austur um Tungnaá að Eskihlíðarhausum og Dyngjum í suðri og vestur fyrir Hrauneyjafell í vestri. Svæðið er nokkuð flatlent en þó með nokkrum móbergsfjöllum, s.s. Stóra-Melfell og Hrauneyjafell. Sigölduvirkjun er innan heildarinnar ásamt Hrauneyjalóni, miðlunarlóni fyrir Hrauneyjafossvirkjun. Gróðurþekjan er lítil sem engin á svæðinu en þó er melgresi vestan og sunnan við Stóra-Melfell. Berggrunnurinn er nánast allur úr basísku hrauni ásamt móbergsfjöllum. Svæðið er að nokkrum hluta á náttúru-minjaskrá og nýtur einnig hverfisverndar í aðalskipulagi Rangárþings ytra, Veiðivatnahraun.
Einkenni:
• Móbergsfjöll • Sigölduvirkjun og miðlunarlón • Hraunslétta • Lítil gróðurþekja • Svæði á náttúru-minjaskrá

Valagjá
Lýsing:
Mörkin liggja í Valafelli og liggja austur fyrir Helliskvísl. Þaðan eru þau í eggjum Hrafnabjarga og að Nýjahrauni um Klofninga í vestri og í átt að Áfangagili. Suðurmörk liggja um Krókagilsbrúnir. Heildin er lítið gróin og lítið um ár og vötn. Jarðfræðin er móbergsmýndanir ásamt ungum basískum og ísúrum hraunum. Nafn heildarinnar kemur frá Valagjá sem er 2 km sprengigjá sem er um 50 m djúp. Gjáin er í raun mynduð af 3 sprengigígum sem ná í hvorn annan. Austanmegin í lögðinni er Lambafitjahraun. Nútímahraun komið úr gígum í hlíðum Hrafnarbjarga.
Einkenni:
• Lítið gróið • Nútímahraun • Útivist • Vernd, svæði á náttúruinjasrá. • Sérstakar jarðmyndanir.

Vatnafjöll
Lýsing:
Svæði suður af Heklu sem nær að Rauðufossafjöllum og Reykjadal í norðaustri, um Vatnafjöll, að Gráfelli og Hafrafelli í vestri. Þaðan fylgir heildin Eystri-Rangá upp í Rangárbotna austur í Laufafell og í jaðri Rauðfossafjalla. Svæðið er lítið sem ekkert gróið og innan þess er töluvert af móbergsfjöllum og hryggjum ásamt forsögulegum hraunbreiðum. Syðst í heildinni er upptakasvæði Eystri Rangár.
Einkenni:
• Lítt gróið • Hraunsléttur, svæði á náttúruinjasrá. • Eystri Rangá • Ósnortin víðerni (28,2 % af heild).

Ytri Rangá
Lýsing:
Flatlendi sem nær frá Búrfelli og bökkum Þjórsár í norðri og vestur í Skarðsfjall og að Bjallalæk í vestri. Í suðri nær heildin um Heiðar- og Víkingislækjarhraun og teygir sig undir hlíðar Bjólffells og áfram upp með Ytri Rangá að Rjúpnavöllum. Landið er flatt en Skarðsfjall teygir sig upp úr heildinni. Landið er nokkuð gróið og mikil vinna hefur verið sett í uppgræðslu á vikursöndum á svæðinu, Hekluskógar. Ferðapjónusta er nokkur á svæðinu með vinsælum áningarstöðum, s.s. Galtalæk, Þjófafossi og Rjúpnavöllum. Í suðurhluta heildarinnar er landbúnaður áberandi.
Einkenni:
• Flatlendi • Lítt gróið hraun • Landbúnaður • Ferðapjónusta • Ytri Rangá

Þjórsárdalur
Lýsing:
Landslagsheildin ber nafn Þjórsárdals, en hún nær frá Fossöldu og Heljarkinn í norðri vestur að Geldingadalsfjalli í vestri. Þaðan fer heildin Þjórsá að Búrfelli. Fylgja mörkin vatna-skilum í Búrfelli, Skeljafelli og Stangarfjalli í austri og til norðurs upp fyrir fjallsbrúnina fyrir ofan Háafoss. Margir þekktir staðir eru innan svæðisins, s.s. Háifoss, Hjálparfoss, Gjáin, þjóðveldisbærinn fyrir ofan Búrfellsvirkjun og menningarminjar í kringum Stöng. Mikið er um ferðamenn á svæðinu og eru tjaldsvæði og sumarbústaðir við Skriðufell og Ásólfstaði. Búrfellsvirkjun með tilheyrandi mannvirkjum og starfsmannaaðstöðu er innan heildarinnar og einnig liggja nokkrar háspennulínur um svæðið. Þjórsárdalsvegur liggur um heildina með bundnu slitlagi að Búrfelli og áfram yfir Sámsstaðamúla. Í Þjórsárdal eru margar friðlýstar fornminjar og friðuð forn þjóðleið, Sprengisandsleið. Skógrækt ríkisins á Skriðufelli í Þjórsárdal.
Einkenni:
• Þjórsárdalur • Menningarminjar • Fossar • Búrfellsvirkjun, tilheyrandi mannvirki og háspennulínur. • Ósnortin víðerni að litlu leyti (3,6% innan heildar).

7. HEIMILDIR

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson og Rannveig Ólafsdóttir, 2015. *Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn*. Háskóli Íslands.

European Council, 2000. *Evrópski landslagssáttmálinn*.
<http://conventions.coe.int/Treaty/en/Reports/Html/176.htm>. Skoðað 3.júní 2009.

Hekluskógar, 2015. Sótt í maí apríl 2015 af <http://hekluskogar.is/>

Landmótun, 1998. *Miðhálandi Íslands. Svæðisskipulag 2015*. Unnið fyrir Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands.

Landmælingar Íslands, 2014. *IS 50V Útgáfa 20141224. Stafrænn kortagrunnur af Íslandi í mælikvarða 1:50 000*. Landmælingar Íslands, Akranesi.

Landslag og Milli fjalls og fjöru, 2006. *Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016*. Unnið fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Landssamband hestamannafélaga. Sótt í apríl 2015 af <http://www.lhhestar.is/>

Landsvirkjun, 2015. Upplýsingar sóttar á vef Landsvirkjunar í júlí 2015.
www.landsvirkjun.is.

Lynch, Kevin (1960). *Image of the City*, Massachusetts Institute of Technology, Massachusetts USA.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2014. *Jarðfræðikort 1:600.000*.

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2015. Sótt 21. janúar 2015 af <http://www.ni.is/midlun-og-thjonusta/utgafa/kort/grodurkort/>

Rangárþing Ytra (2010). *Skipulagsuppdráttur – afréttur*. Hella: Steinsholt sf.

Rannveig Ólafsdóttir, Guðrún Líneik Guðjónsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2015. *Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðaþjónustu og íbúa*. Háskóli Íslands.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands (1999). *MIDHÁLENDI ÍSLANDS Svæðisskipulag 2015*. Skipulagsuppdráttur, 1:350.000. Kópavogur: Landmótun.

Steinsholt, 2010a. *RANGÁRÞING YTRA, Aðalskipulag 2010-2022*. Unnið fyrir sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Steinsholt, 2010b. *Ásahreppur. Aðalskipulag 2010-2022*. Unnið fyrir sveitarstjórn Ásahrepps.

Steinsholt, 2013a. *Suðurrhálandið. Rammaskipulag fyrir Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhrepp*. Unnið fyrir sveitarstjórnir Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps.

Steinsholt, 2013b. *Þjórsárdalur. Rammaskipulag fyrir útivist og ferðaþjónustu*. Unnið fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Swanwick, C og Land Use Consultants 2002. *Landscape Character Assessment - Guidance for England and Scotland*. Edinburgh. The Countryside Agency og Scottish Natural Heritage.

Umhverfisstofnun, 2015. Sótt í júní 2015 af
<http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>

Vegagerðin, 2006. *Vegirnir okkar*. Vegagerðin, Reykjavík.



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

